



**KEILUSAMBAND ÍSLANDS**  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal



Móttekið á skrifstofu ÍSÍ <sup>u</sup>  
Dags. 25/ 5 20 12

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands  
b.t. Dómstóls ÍSÍ  
Engjavegi 6,  
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2012

Kæra  
Keilusambands Íslands  
gegn  
Birni G. Sigurðssyni  
og  
KFR Lærlingum

Meðfylgjandi er kæra Keilusambands Íslands í kjölfar niðurstöðu Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli nr. 6/2012.



## KÆRA

### Fyrirsvar

Þórarinn Þorbjörnsson, formaður Keilusambands Íslands (KLÍ), kt. 460792-2159, Engjavegi 6, 104 Reykjavík, kemur fram fyrir hönd KLÍ í máli þessu.

### Kröfur KLÍ:

- Þess er krafist að staðfest verði með dómi að lið KFR-Lærlinga hafi vísitandi haft rangt við og viðhaft grófa óíþróttamannslega háttsemi í aðdraganda og í kjölfarið á frestunardegi liðsins vegna viðureignar í 8 liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ sem fyrirhuguð var þann 24. janúar 2012.

### Málsatvik:

Varðandi málsatvik vísar aganefnd til úrskurðar aganefndar KLÍ í máli nr. 2/2012, sem kveðinn var upp 2. mars 2012.

Dómur Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 10/2012 var kveðinn upp mánudaginn 9. apríl 2012. Í forsendum og niðurstöðu dómsins kom fram að brotið sem til meðferðar var falli ekki undir skilgreiningu 6. gr. reglugerðar KLÍ og teldist ekki agabrot samkvæmt reglugerð aganefndar KLÍ. Var það niðurstaða dómsins að málið hefði verið til meðferðar hjá röngum úrskurðaraðila og því fallist á kröfu kæranda um að ógilda úrskurð aganefndar KLÍ og fella þar með niður keppnisbann Björns G. Sigurðssonar. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ staðfesti niðurstöðu dómstólsins með vísan til forsendna hans í máli nr. 6/2012 dags 21. maí 2012.

Í ljósi framangreinds, þar sem niðurstaða Áfrýjunardómstóls ÍSÍ er að málið hefði verið til meðferðar hjá röngum aðila, er málið kært til Dómstóls ÍSÍ.

### Málsástæður og lagarök:

Málsatvik og málsástæður kæranda koma fram í úrskurði aganefndar KLÍ. Þá er vísað til niðurstöðu í IV. kafla dóms Dómstóls ÍSÍ þar sem fram kemur að „Það brot sem kærendur eru sakaðir um af hálfu mótanefndar KLÍ er alvarlegt“. Í ljósi þess telur stjórn KLÍ mikilvægt að málið fái efnislega umfjöllun innan dómskerfis ÍSÍ, fyrst komist var að þeirri niðurstöðu að málið ætti ekki undir aganefnd KLÍ.

Þar sem það lá ekki fyrir endanlega fyrr en þriðjudaginn 22. maí sl., lítur stjórn KLÍ svo á að kærufrestur hafi byrjað að líða frá og með þeim tíma og kæra þessi því borin upp innan kærufrests.



Telji dómstóllinn að kærufrestur hafi byrjað að líða fyrir, byggja kærundur mál sitt á því að um sé að ræða sérstakar ástæður er réttlæti það að kæra sé borin fram nú, í ljósi þess að málið fór í gegnum aganefnd upphaflega, en var ógilt síðar hjá dómstólum ÍSÍ vegna þess að málið átti ekki undir aganefndina. Vísar kærandi í 2. mgr. 24. gr. laga um dómstól ÍSÍ í þessu sambandi, enda hafi dómstóll ÍSÍ komist að því að brotið sem kært var fyrir hafi verið alvarlegt.

Kærandi byggir á niðurstöðum aganefndar máli sínu til stuðnings, þ.e. að liðsmenn KFR-Lærlinga hefðu haft vísvitandi rangt við er þeir skráðu leikmenn úr liðinu til þess að knýja á um frestun og skráðu svo leikmann aftur í liðið skömmu síðar. Byggir kærandi á því að mótanefnd hefði verið blekk't þar sem fullyrt var að Ívar væri hættur keiluiðkun en nokkrum dögum síðar var hann skráður á ný í liðið til þess að leika keilu. Í því sambandi liggur ekki fyrir í málinu að sú blekking hafi verið með vitneskju formanns mótanefndar og sambandsins.

KLÍ gerir ekki kröfu um refsingu í málinu þar sem nokkuð er liðið frá umræddu atviki, en gerir þá kröfu að viðurkennt verði að liðsmenn KFR-Lærlinga hafi haft vísvitandi rangt við og viðhaft grófa óíþróttamannslega framkomu í aðdraganda og kjölfar umþrættar frestunardeiðni í 8. liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ.

Í því máli sem hér um ræðir byggir kærandi á því að blekkingum hafi verið beitt af hálfu KFR-Lærlinga. Leikmenn voru skráðir úr liðinu og skömmu síðar fyrir næstu viðureign var einn liðsmanna skráður til leiks að nýju þrátt fyrir fullyrðingu fyrirliðans um að viðkomandi væri hættur keiluiðkun.

KLÍ byggir á því að frestunin hafi verið byggð á fólsum forsendum og nauðsynlegt sé að fá efnislega niðurstöðu Dómstóla ÍSÍ í málinu.

Vísast að öðru leyti til niðurstöðu aganefndar í máli nr. 2/2012 varðandi rök og ástæður kærunnar.

#### **Almennur áskilnaður:**

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn og koma með frekari kröfur, málsástæður og mótmæli á síðari stigum, ef þörf krefur.

Reykjavík, dags. 25. maí 2012  
f.h. Keilusambands Íslands

  




**Fylgiskjöl:**

1. **Dómskjöl í máli 10/2012.**
2. **Tölvupóstur Dómstóls ÍSÍ.**
3. **Úrskurður aganefndar í máli nr. 2/2012.**

Ár 2012, mánudaginn 9. apríl er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Olympíusambands Íslands haldið á lögmannsskrifstofu Gunnari Guðmundssonar hdl. að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi af Gunnari Guðmundssyni dómara

Fyrir er tekið:

Mál nr. 10/2012

Björn G. Sigurðsson

og

KFR-Lærlingar

gegn

Keilusambandi Íslands vegna aganefndar sambandsins

Upp er kveðinn svohljóðandi

## DÓMUR:

### I.

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu ÍSÍ þann 7. mars sl. Kærandi er Björn G. Sigurðsson kt. 160763-7019 sjálfur og KFR-Lærlingar, Bæjaríma 5 ,Reykjavík Kærði er stjórn Keilusambands Íslands (hér eftir skammstafað KLÍ) vegna aganefndar sambandsins.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ þann 9. mars sl. Málflutningur fór fram þann 3. apríl s.l.

Dómkröfur kæranda.

- Þess er krafist að úrskurður aganefndar KLÍ verði ógiltur.
- Þess er krafist að úrskurður aganefndar frá 22. febrúar verði ógiltur og málinu vísað til nýrrar meðferðar fyrir aganefnd Keilusambands Íslands.
- Til vara er þess krafist að KFR-Lærlingar og Björn G. Sigurðsson verði sýknaðir.
- Þess er krafist að allir leikir sem fram hafa farið eftir að bann Björns G. Sigurðssonar tók gildi séu ómerktir og fyrir leikmenn lagt að spila þá leiki að nýju.
- Þess er krafist að bann Björns G. Sigurðssonar verði fellt úr gildi en til vara að honum verði vægasta refsing sem reglur Keilusambands Íslands leyfa.

Þess er krafist að verði Björn G. Sigurðsson látinn sæta leikbanni þá verði úrslit leiks KFR-Lærlinga og ÍR-PLS sem fram fór þann 4. febrúar látin standa.

## II.

Málsatvikum er lýst í kærú þar sem kemur fram frekari rökstuðningur fyrir kröfugerð og vísað er þar til lagaraka. Þar segir orðrétt:

### „Málsatvik

Mótanefnd Keilusambands Íslands (hér eftir KLÍ) sendi aganefnd sambandsins tvær kærur í tölvupósti dags. 30. janúar 2012. Kærandi var mótanefndin og hinir kærður KFR-Lærlingar annars vegar og Ívar G. Jónasson leikmaður liðsins hins vegar. Ákveðið var að sameina kærurnar í eitt mál.

Kröfur mótanefndar voru þær að liði KFR-Lærlinga verði veitt refsing vegna grófrar ófþrottamannslegrar framkomu og/eða í ljósi þess að liðið hafði vísvitandi rangt við í aðdraganda og í kjölfar hins kærða atviks.

Þá kærði kærandi þátttöku Ívars G. Jónssonar fyrir ólöglega þátttöku í Íslandsmóti liða þann 29. janúar 2012 og að leikur liðsins þann dag við KFA-ÍA-W verði dæmdur KFR-Lærlingum tapaður.

Fyrirliði KFR-Lærlinga Björn G. Sigurðsson kom fram fyrir hönd liðs síns<sup>1</sup> og tók til varna. Helstu kröfur voru þær að málinu yrði vísað frá en til vara var krafist sýknu af öllum kröfum kæranda.

Björn lýsir atvikum þannig að hann hafi staðið flutningum laugardaginn 21. janúar. Bikarleikurinn átti að fara fram þriðjudaginn 24. janúar. Fórst honum verkið ekki betur úr hendi en svo að hann klemmdi sig á hægri hendi en Björn er réttthentur og spilar með hægri hendi. Síðar fékk hann símtal frá Steinþóri G. Jóhannssyni, liðsmanni KFR-Lærlinga, þar sem hann tjáði Birni að hann hefði meiðst illa í úlnliðnum í RIG-mótinu, sem var á sunnudeginum 22. janúar og hefði átt í erfiðleikum með að klára mótið.<sup>2</sup> Björn sendi því tölvupóst á mótanefnd og gerði grein fyrir stöðu mála. Í tölvupósti Björns segir:

Sæl,

ég undirritaður stóð í flutningum um helgina og tókst á einhvern óskyljanlegan hátt að klemma puttann (vísifingur á hægri hendi) þannig að hann rifnaði. Og sjaldan er ein báran stök því Steini fór í úlnliðnum í RIG mótinu um helgina og er ekki leikhæfur af þeim sökum. Freyr og Ívar eru hættir í liðinu og eftir eru því einungis tveir leikmenn sem geta spilað á þriðjudaginn. Af þessum ofangreindu sökum viljum við biðja um frestun á bikarleiknum sem við eigum að spila á þriðjudaginn við ÍR-PLS. Ég verð væntanlega orðinn góður seinna í þessari viku ef þetta grær vel, en það er alveg óvíst með Steina, þannig að ég get ekki stungið uppá að spila þennan leik í næstu viku, en það er vilji okkar að klára þennan leik sem fyrst (ef við fáum frestun).

Kær kveðja,

<sup>1</sup> Í 13. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót segir að. Lið skal velja sér fyrirliða sem skal vera skráður leikmaður liðsins. Fyrirliði kemur fram fyrir hönd liðsins og skal sjá um að leikskýrslur þær sem liðið fær séu rétt út fylltar.

<sup>2</sup> Steinþóri versnaði síðan stöðugt næstu daga og á þriðjudeginum 24. janúar fór hann síðan á bráðamóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss þar sem honum var ráðlagt að hvíla úlnliðinn alveg næstu vikuna.

Í kjölfarið var óskað frestunar á bikarleiknum, enda aðeins tveir menn leikfærir, Björn Birgisson og Sveinn Þrastarson. Reglur KLÍ um skipan í lið gerir ráð fyrir að fjórir menn að lágmarki skipi lið, sbr. 13. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót en í 16. gr. segir að lið geti hafið leikið með þrjá leikmenn en að fjarveruskor skuli þá látið gilda. Ívar G. Jónsson og Freyr Bragason eru í skóla á þriðjudagskvöldum og þau kvöld eru það mikilvæg í náminu að þeir hafa ekki tók á því að missa þar úr. Rétt er að halda því til haga að allir leikir KFR-Lærlinga fara fram á þriðjudagskvöldum utan tveggja sem leiknir eru á sunnudögum á Akranesi. Arnar Davíð Jónsson og Jón Ingi Ragnarsson eru búsettir í Noregi og því var ekki hægt að kalla þá til með stuttum fyrirvara.

Erindi félagsins var hafnað á þeim forsendum að það væru 6 leikmenn skráðir í liðið fyrir utan Björn S. og Steinþór. Björn S. hringdi þá í Sigurbjörn Stefán Vilhjálmsson, formann mótanefndar og spurði eftirfarandi spurninga

- Þyrftu þeir tveir leikmenn sem leikfærir væru að mæta til leiks þegar ljóst var að ekki voru uppfyllt skilyrði um fjölda leikmanna.
- Væri hægt fyrir KFR-Lærlinga að gefa viðureignina.

Formaður mótanefndar stakk þá upp á því að þeir leikmenn sem ekki gætu spilað væru skráðir úr félaginu og í kjölfarið að á ný yrði sótt um frestun. Í kjölfarið ræddi Björn S. við Þóri Ingvarsson formann KLÍ og spurði hann hvort að þetta væri löglegt og í lagi. Formaður sambandsins sá enga meinbugi á slíku.

Fór svo að Björn G. að ráði formanns mótanefndar og eftir samþykki formanns KLÍ skráði fjóra leikmenn úr KFR-Lærlingum, þá Arnar, Jón, Ívar og Frey.

Úrskráning Arnars og Jóns vegna þess að þeir eru búsettir í Noregi og fyrirsjáanlegt að þeir hafi ekki tók á frekari þátttöku í verkefnum félagsins.

Úrskráning Ívars og Freys var hins vegar vegna þess að einsýnt þótti að þeir gætu ekki spilað með liðinu frekar enda rækjust skyldur þeirra í skóla við keppni.

Vegna flutninga þá var Björn G. ekki í netsambandi og hafði þá gleymt leik sem fara átti fram á Akranesi sunnudaginn 29. janúar. Björn G. var þá orðinn leikhæfur en Steinþór var enn frá keppni. Lið KFR-Lærlinga samanstóð því af þremur leikmönnum. Þar sem viðureign liðanna skyldi fara fram á sunnudegi þá var ljóst að Ívari var mögulegt að keppa.<sup>3</sup> Eftir að hafa farið yfir reglur sambandsins og borið skilning sinn undir formann KLÍ sem upplýsti félagsmenn að þetta væri löglegt þá skráði Steinþór, fyrir hönd liðsins, Ívar á ný inn í liðið. Formanni KLÍ var því frá

---

<sup>3</sup> Til upplýsingar skal það tekið fram að fram að hinu kærða atviki þá höfðu leikmenn liðsins spilað þannig : Björn Birgisson og Björn G. Sigurðsson höfðu leikið 36 leiki, Steinþór Geirdal Jóhannsson 30 og Ívar G. Jónsson 21. Freyr Bragason hafði leikið 3 leiki og Jón Ingi Ragnarsson og Arnar Davíð Jónsson hvor um sig 3 leiki.

upphafi kunnugt um ástæður þess að Ívar var skráður úr félaginu og ástæður þess að hann var að nýju skráður inn í félagið.

Ívar G. Jónasson keppti svo með liði KFR-Lærlinga á Akranesi með þeim afleiðingum sem deilt er um í máli þessu.

#### Málsmeðferð aganefndar

Aganefnd KLÍ starfar eftir reglum um aganefnd KLÍ. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir:  
*„Aganefnd skal skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. KLÍ sér um skipun þeirra og skal formaður nefndarinnar skipaður sérstaklega.“*

Þá segir í 6. gr. sömu reglugerðar:

*„Fyrir brottvikningu eða brot sem framið er utan leikmannasvæðis, þannig að brottvikningu verði ekki komið, eða önnur brot alvarlegs eðlis að mati aganefndar, meðal annars öll brot sem fallið geta undir íslenska hegningarlöggjöf, gagnvart leikmanni, starfsmanni dómurum eða áhorfendum, skal heimilt að refsa leikmanni með tímabundnu banni. Ítrekun getur, ef brot er mjög alvarlegs eðlis, varðað allt að 12 mánaða banni. Slíkt bann nær til allra móta á vegum KLÍ.“*

Í máli því sem nú er áfrýjað til dómstóls ÍSÍ sátu fimm manns í aganefndinni. Brýtur það gegn reglum sambandsins en ekki er að finna undantekningarákvæði í reglunum. Af þeim fimm aðilum sem skrifuðu úrskurðinn áttu fjórir beinna hagsmuna að gæta.

- Ólafur Páll Vignisson er í sama félagi og KFR-Lærlingar og situr í stjórn þess félags.
- Guðmundur Sigurðsson er í stjórn ÍA og leikur með KFA-ÍA sem er í keppni við KFR-Lærlinga um titilinn. Hann hafði hag af tapi KFR-Lærlinga.
- Sigríður Klemensdóttir er í ÍR.
- Bragi M. Bragason er í KR-b sem á næsta leik í bikarnum sem nefndin dæmdi KFR-Lærlinga úr
- Ómar Kristjánsson er í ÍR og hann er faðir Árna Geirs Ómarssonar sem er í ÍR-KLS, sem er helsti andstæðingur KFR-Lærlinga um titilinn.

Áfrýjendur telja því að aganefnd hafi verið vanhæf til að fjalla um málið.

Í reglugerð um mótanefnd KLÍ er í 6. gr. fjallað um hlutverk mótanefndar og verksvið hennar skilgreint. Þar er hvergi fjallað um það að mótanefnd geti kært eða tekið aðilastöðu í ágreiningsmáli gegn einstöku félagliði eða keppendum þess. Aganefnd hefði því verið réttast að vísa málinu frá án kröfu.

Í b. lið. 3. gr. laga KLÍ segir að það sé hlutverk stjórnarinnar að það sé hlutverk stjórnar KLÍ að vinna að eflingu keilufþróttarinnar í landinu. Formaður fer með hlutverk framkvæmdastjóra KLÍ og hefði mótanefnd átt að bera athugasemdir sínar upp við formanninn sem þá hefði getað vísað kæru til aganefndar vegna



óþróttamannslegrar hegðunar, sbr. 10. gr. laga KLÍ en þar segir að hlutverk stjórnar sé að líta eftir því að lög og reglugerðar KLÍ séu haldin. Væri slíkt í samræmi við reglur annarra sérsambanda s.s. Knattspyrnusambands Íslands en í lögum þess sambands segir í gr. 31.3. að framkvæmdastjóri getur vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til Aga- og úrskurðarnefndar til úrskurðar.

Þá ber að skilja ákvæði 6. gr. reglugerðar um aganefnd þannig að nefndin geti aðeins refsað leikmanni fyrir brot framið utan leiksvæðis. Björn G. kom fram fyrir hönd félagsins sem forsvarsmáður og/eða fyrirliði en ekki sem leikmaður. Sá leikmaður sem kann að hafa gerst brotlegur var hinn meinti ólöglegi leikmaður Ívar. G. Jónasson. Sé talið að Björn G. hafi gerst brotlegur gagnvart óskráðum reglum sambandsins, með vitneskju formanns mótanefndar og sambandsins, þá verður að telja að aganefnd skorti til þess heimild að beita hann refsingu.

Engin fordæmi eru fyrir jafnþungri refsingu og Birni G. er úrskurðuð. Í 12. gr. reglna um aganefnd segir að séu mál alvarlegs eðlis skuli nefndin gefa kost á munnlegum eða skriflegum málf lutningi. Ekki er að sjá að nefndin hafi gætt að þessum rétti KFR-Lærlinga né heldur gagnvart Birni G.

Krafa mótanefndar tók til þess að viðurlögum yrði beitt gegn Ívari G. Jónassyni og gegn félaginu KFR-Lærlingum. Kröfur voru ekki settar fram gegn Birni G. persónulega og því átti hann þess ekki kost að verja sjálfan sig í málinu. Með því var brotið gegn réttindum hans.

Þá er rétt að geta úrskurðar aganefndar KLÍ sem kveðinn var upp af þremur nefndarmönnum þann 7. nóvember 2011 í máli ÍR-M. Þar beindi mótanefnd tilkynningu til aganefndar um að skoða frestunardeiðni ÍR-M fyrir leik í 5. umferð þar sem grunur léki á að þær upplýsingar sem fram hefðu komið í beiðninni væru ekki að öllu leyti á rökum reistar. Eftir að hafa farið yfir reglugerðir KLÍ taldi aganefndin að ekkert í reglugerðunum tæki á álitafninu hvað aganefnd varðaði, jafnvel þó að þær upplýsingar sem fram kæmu í frestbeiðninni væru ekki að öllu leyti réttar, það væri ekki hlutverk aganefndar að taka efnislega afstöðu til frestana. Var málinu því vísað frá.

### **Um refsinguna**

Aganefnd KLÍ hefur a.m.k. tvívegis á undanförunum mánuðum tekið á brotum sem varða óþróttamannslega hegðun, sbr. úrskurði frá 22. nóvember 2010 í máli Árna Geirs Ómarssonar og frá 7. nóvember 2011 í máli Gunnars Þórs Gunnarssonar. Bæði málin vörðuðu eignarspjöll á keppnisstað. Í fyrra tilvikinu var um að ræða leikmann ÍR-KLS og var honum gert að þola 2 refsistig vegna minniháttar eignarspjalla en í síðara tilvikinu var um ræða meiriháttar eignarspjöll en þá var fyrirliða ÍR-M gert sem leikmanni að þola 6 vikna leikbann.

Þriggja mánaða bann Björns G. er úr hófi langt og í engu takti við eðli hins meinta brots. Engin leynd hvíld yfir aðgerðum KFR-Lærlinga sem nutu liðsinnis forsvarsmanna KLÍ við skráningar leikmanna sinna.

Til samanburðar má nefna afgreiðslu Aga- og úrskurðarnefndar Knattspyrnusambands Íslands vegna kæru Augnabliks á hendur Knattspyrnufélagi Vesturbæjar. Töldu forsvarsmenn Augnabliks að forsvarsmenn Knattspyrnufélags Vesturbæjar hefðu blekktt framkvæmdastjóra KSÍ til útgáfu keppnisleysis með undanþágu fyrir markmann. Niðurstaða nefndarinnar var sú að mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geti aldrei leitt til þess að félag verði gert ábyrgt.

Engri blekkingu er til að dreifa þar sem allar aðgerðir forsvarsmanna KFR-Lærlinga voru unnar í samráði við formenn mótanefndar og sambandsins. Hafi því verið um að ræða mistök við afgreiðslu þá verður að telja að félagið skuli ekki gjalda og þaðan af síður forsvarsmaður félagsins.

Furðu vekur að Björn G. sé látinn sæta banni því ekki skráði hann Ívar G. Jónasson að nýju inn í lið KFR-Lærlinga. Hafi vísitandi blekkingu verið beitt er óskað var eftir fresti þá hefðu allir hlutaðeigandi, Björn G., Steinþór og Ívar átt að sæta. Væri slíkt í samræmi við úrskurð Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 11. júní 2008 en þá voru leikmaður ÍA og þjálfari úrskurðuð bæði í tímabundið leikbann vegna þess að leikmaður var ekki hlutgengur til þátttöku yngri aldursflokki og hafði þjálfari vísitandi sett nafn annars leikmanns á leikskýrslu.

Það er meginregla við lögskýringar að engum verði refsað nema refsheimild um háttsemina sé skýr. Rýmkandi lögskýring eða löggjöfnum verður almennt ekki beitt við skýringu refsíákvæða.

Vandséð er hvert aganefnd sækir refsheimild gegn Birni G. og enn síður er ljóst hvaða sakir er á hann bornar. Ber því að fella niður leikbann hans en að öðrum kosti að færa refsingu niður í vægustu refsingu.

Verði Birni G. allt að einu gerð refsing er þess krafist að úrslit leiks KFR-Lærlinga og ÍR-PLS verði allt að einu látin standa. Sem fyrr segir er það meginregla við lögskýringar að engum verði refsað nema refsheimild um háttsemina sé skýr. Í 9. gr. segir að lið og/eða félag notar leikmann sem er í banni þá skulu umrædd viðureign dæmd því liði/félagi töpuð.

Í málinu liggur ekki fyrir að lið KFR-Lærlinga hafi verið ólöglega skipað.

Engri heimild er til að dreifa í reglugerð aganefndar KLÍ sem segir að hægt sé að refsa liði með því að dæma þeim leik tapað nema vegna ólöglega skipaðs liðs. Nefndin lögjafnar hins vegar út frá 11. gr. reglugerðarinnar. Þar er hins vegar tæmandi upp taldar refsheimildar, sem brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Hvergi er tekið fram að heimilt sé að dæma liði tap né heldur að heimilt sé að draga af leikmönnum liðsins stig. Þrátt fyrir að tap í bikarleik bindi enda á þátttöku liðs í því móti þá verður því ekki jafnað saman við brottrekstur.

Verður því að telja að aganefnd hafi skort refsheimild til þess að ákvarða liði KFR-Lærlinga tap í leik gegn ÍR-PLS.

### **Um reglur Keilusambands Íslands og valdbærni dómstóla ÍSÍ**

Við heildarskoðun reglna KLÍ kemur í ljós að víða er pottur brotinn. Áfrýjunarheimildir eru óskýrar, skortur er á upplýsingum um kæruleiðir og reglur um skráningar, félagsskipti leikmanna bjóða heim hættunni á ruglingi, bæði hjá þeim sem keppa undir merkjum KLÍ og eins þeim sem eru í forsvari fyrir sambandið.

Þá er ámælisvert að þeir sem sitja í stjórn aganefndar og mótanefndar eru margir hverjir keppendur og/eða eiga verulega hagsmuni undir afgreiðslu mála. Engar reglur eru um vanhæfi nefndarmanna og mál mörg hver afgreidd með símtölum, sms-skeytasendingum og á annan óformlegan hátt. Skortir á faglega nálgun.

Áfrýjanda Birni G. og KFR-Lærlingum verður þar ekki um kennt. Ólíðandi er að KFR-Lærlingar skuli þola refsingu sem engin heimild er fyrir og að áfrýjandi Björn G. skuli sæta leikbanni án þess að fyrir lægi skýr dómkrafa þess lútandi. Birni G. var því ómögulegt að grípa til varna.

Aganefnd braut gegn rétti Björns G. með því að gæta ekki að ákvæðum 12. gr. og gefa honum kost á skriflegum og munnlegum málf lutningi þar sem hann hefði getað leitt fram sem vitni formann mótanefndar og formann KLÍ.

Í 3. gr. reglna um aganefnd KLÍ segir að að úrskurði nefndarinnar verði ekki áfrýjað. Í 7. gr. reglugerðar um keilumót segir hins vegar að dómstólar ÍSÍ skuli dæma í kærumálum. Í 8. gr. sömu reglugerðar segir að aganefnd skuli fjalla um brot leikmanna, forystumanna og aðstoðarmanna á leikstað í A- og B-mótum, sem fram koma á dómaraskýrslu, fær þetta stoð í 2. gr. reglna um aganefndir. En í 6. gr. reglna um aganefndir þá er gildissvið nefndarinnar víkkað út eins og fyrr greinir og nefndinni einnig falið vald til þess að dæma í málum utan leikstaðar.

Hér er að finna ámælisvert misræmi enda bryti það gegn skuldbindingum KLÍ gagnvart ÍSÍ ef ef einstaklingar innan KLÍ gætu ekki borið ákvarðanir um refsikennd viðurlög eins og tímabundin leikbönn undir æðri dómstól. Í lögum ÍSÍ segir í gr. 20.1. að dómstólar ÍSÍ skuli hafa fullnaðarlögsögu í þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar. Sér sambönd innan sambandsins sé þó heimilt að ákveða í lögum sínum að viðkomandi sér samband hafi sérstaka dómstóla, undirdómstig og áfrýjunardómstig. KLÍ er ekki með áfrýjunardómstig. Í gr. 20.1. laga ÍSÍ segir að sér samband telst heyra undir dómstóla ÍSÍ þar til lagabreyting sem tiltekur að viðkomandi sér samband hafi tekið upp eigin dómstólakerfi hefur verið staðfest af ÍSÍ. Þar sem skortir á að KLÍ hafi fullnægt skilyrðum sínum gagnvart ÍSÍ má ljóst vera að aganefnd KLÍ skorti valdbærni til þess að taka ákvörðun í málefnum félagsins KFR-Lærlinga.

Rétt meðferð málsins hefði verið að valdbær aðili innan KLÍ hefði lagt fram kæru á grundvelli 7. gr. reglugerðar um keilumót til dómstóls ÍSÍ, sem þá hefði fjallað um málið. Niðurstaða þess dómstóls hefði verið áfrýjanleg til áfrýjunardómstóls ÍSÍ.

Þar sem aganefnd KLÍ hefur tekið ákvörðun um leikbann fyrirliða KFR-Lærlinga og tap liðsins í keppnum á vegum félagsins er fyrirliða þess og félagi nauðugur einn kostur að vísa málinu til dómstóls ÍSÍ til réttar meðhöndlunar. Eðlileg framvinda málsins er að áfrýja úrskurði en hvort um slíkt sé að ræða eða hvort að eðli krafna séu þær að um sé að ræða í reynd kærú skal dómstóli ÍSÍ falið að meta. Allt að einu er ljóst að KFR-Lærlingar og Björn G. eiga þess einan kost að bera málið undir dómstóla ÍSÍ.

### **Áfrýjunardómstóll ÍSÍ og/eða dómstóll ÍSÍ**

Vegna þess misbrest sem er í lögum og reglum KLÍ er ekki ljóst hvort að bera á erindi þetta undir dómstól ÍSÍ eða áfrýjunardómstól sambandsins. Dómstólar ÍSÍ geta hins vegar dæmt í málum er varðar það að blekkja eða reyna að blekkja yfirvald innan íþróttahreyfingarinnar með villandi upplýsingum, sbr. 35. gr. laga ÍSÍ en dómstólar sambandsins hafa einnig heimild til þess að dæma leiki ógildi og látið endurtaka þá.

Mál þetta verður borið undir dómstól ÍSÍ sökum þess sem að framan greinir að valdbærni aganefndar KLÍ er dregin í efa.

**Komist dómstóll ÍSÍ að þeirri niðurstöðu að málið heyri ekki undir hann er þess krafist að málinu verði framvísað til áfrýjunardómstóls sambandsins.“**

### **III.**

Í greinargerð hins kærða aganefndar KLÍ er gerð sú dómkrafa að öllum kröfum kæranda verði hafnað. Þar kemur einnig fram afstaða sambandsins við kröfum og málatilbúnaði kæranda, en þar segir:

“Miðað við þau gögn sem nefndin hafði undir höndum og hefur nú aflað sér verður ekki séð að formaður mótanefndar hafi stungið upp á því að úrskráningarnar yrðu gerðar með þeim hætti eins og lýst er í kærú. Þá liggur ekki fyrir að formaður KLÍ hafi vitað af því að Ívar yrði skráður að nýju í liðið skömmu eftir úrskráningarnar. Vísast að öðru leyti til meðfylgjandi yfirlýsinga formanns mótanefndar og sambandsins.

#### **Málsástæður og lagarök:**

Rétt er það sem fram kemur að aganefnd skuli skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Í þessu máli ákvað aganefnd að allir nefndarmenn kæmu að úrskurðinum í ljósi þess að nefndin taldi málið stórt að umfangi. Það er mat aganefndar að slíkt sé nefndinni heimilt, líkt og nefndinni hefur verið talið heimilt að leita utanaðkomandi álits án þess að slíkt sé beinlínis getið í reglugerð um aganefnd. Í því sambandi leitaði aganefnd utanaðkomandi álits í úrskurði sínum dags. 12. maí 2011.

Í kærú er þess getið að fjórir nefndarmenn teldust vanhæfir til meðferðar málsins þar sem þeir hefðu beinna hagsmuna að gæta. Í gegnum tíðina hefur aganefnd leitast við að haga málum með þeim hætti að þeir sem beinna hagsmuna hafa af úrlausn mála komi ekki að úrskurðum. Var það niðurstaða nefndarinnar að nefndarmennirnir gætu allir tekið þátt í málsmeðferðinni.

Rétt er að geta þess að Keilusamband Íslands er lítið sérsamband innan ÍSÍ. Nefndir á vegum sambandsins eru yfirleitt mannaðar leikmönnum íþróttarinnar þar sem erfitt hefur reynst fyrir sambandið að manna nefndir og önnur trúnaðarstörf með öðrum hætti. Flestir eða allir kunna því að hafa óbeina hagsmuni af úrslausn mála, hvort sem það heyrir undir aganefnd, mótanefnd eða aðrar nefndir sambandsins. Væri farið eftir ströngustu hæfisreglum eins og þær þekkjast í stjórnsýslurétti eða réttarfari gæti aganefnd ekki starfað líkt og hún gerir í dag. Í því sambandi hefur nefndin talið að einungis beinir hagsmunir geti komið til þess að nefndarmaður viki sæti, en svo hafi ekki verið í því máli sem hér um ræðir.

Þó að það komi ekki fram með beinum hætti í reglugerð um mótanefnd að hún geti kært mál til aganefndar er því til að svara að aganefnd hefur lítið á mótanefnd sem mótstjóra þar sem nefndin fer með framkvæmd móta og eftirlit. Nánar tiltekið segir í 2. gr. reglugerðar um mótanefnd að nefndin skuli í samræmi við gildandi reglur hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd Íslandsmóta, sem og annarra móta og kappleikja, sem haldin eru af KLÍ. En í reglugerð um aganefnd er kveðið á um að dómara/mótstjórar geti komið skriflegri skýrslu um brot til aganefndar innan 48 klukkustunda frá lokun viðureignar eða lokum móts.

Í ljósi þess hefur nefndin talið að mótanefnd, sem mótstjóri geti komið ábendingum og kærum til aganefndar. Í því tilviki sem hér um ræðir lagði mótanefnd fram kæru til aganefndar innan þess tímaramma eftir að viðureign KFR-Lærlinga og KFA-ÍA-W lauk. Það var mat aganefndar að hún hefði heimild til þess að skoða málið í heild sinni, allt frá því að tilteknir einstaklingar voru skráðir úr liði þar til umræddri viðureign lauk. Þar sem hluti af þeirri háttsemi sem kærð var gerðist utan leikmannasvæðis horfði nefndin m.a. til 6. gr. reglugerðar um aganefnd. Þó að ákvæði 12. gr. reglugerðarinnar kveði ekki með beinum hætti á um heimild dómara/mótstjóra til að koma ábendingum á framfæri varðandi háttsemi sem gerist utan leikmannasvæðið hefur aganefnd fram að þessu ekki gagnályktað frá ákvæðinu á þá lund að dómurum/mótstjórum sé óheimilt að beina ábendingum, skýrslum eða kvörtunum til aganefndar verði þeir áskynja um brot af því tagi. Að mati aganefndar væri ákvæði 6. gr. ella marklaust.

Það var mat aganefndar eftir að málið var skoðað heildstætt, að liðsmenn KFR-Lærlinga hefðu haft vísitandi rangt við er þeir skráðu leikmenn úr liðinu til þess að knýja á um frestun og skrá svo leikmann aftur í liðið skömmu síðar. Byggði aganefnd mat sitt á því að mótanefnd hefði verið blekk þar sem fullyrt var að Ívar væri hættur keiluiðkun en nokkrum dögum síðar var hann skráður á ný í liðið til þess að leika keilu. Í því sambandi liggur ekki fyrir í málinu að sú blekking hafi verið með vitneskju formanns mótanefndar og sambandsins.

Nefndin hafnar því að Birni G. Sigurðssyni hafi ekki gefist færi á að verja sig. Aganefnd gaf honum sem fyrirliða liðsins kost á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri líkt og meðfylgjandi tölvupóstur sýna. Það var mat aganefndar að fyrirliði liðsins skyldi sæta ábyrgð vegna þeirrar háttsemi að hafa haft vísitandi rangt við, þar sem fyrirliði liðs í keilu kemur fram fyrir hönd þess liðs sbr. 13. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða.

Þá telur nefndin að hún hafi gætt þess að gefa fyrirliða liðsins kost á því að koma skriflegum athugasemdum sínum á framfæri í samræmi við 12. gr. reglugerðar um aganefnd líkt og meðfylgjandi skrifleg tölvupóstsamskipti gefa til kynna.

Varðandi refsingu fyrirliðans horfði nefndin til þess að liðið hefði haft vísitandi rangt við. Við ákvörðun refsingarinnar og tímallengd bannsins á grundvelli 6. gr. reglugerðar um aganefnd, horfði nefndin til 4. gr. reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um að veita skuli þeirri háttsemi að hafa vísitandi rangt við 16 refsstig, en skv. 5. gr. reglugerðarinnar er um að ræða 10 seríur í bann. Miðað við leikjafjölda yfir veturinn eru að jafnaði um 3-4 seríur leiknar í mánuði og því þótti aganefnd bannið hæfilega ákveðið í þrjá mánuði af þeim sökum.

Nefndin telur að úrskurður aganefnda annarra íþróttagreina geti ekki átt við í því máli sem hér um ræðir.

Vísun kæranda til úrskurðar aganefndar í máli mótanefndar og ÍR-M var málið af hálfu mótanefndar sett fram með þeim hætti að aganefnd ætti að skoða frestunarbeiðnina sem slíka. Var það mat aganefndar að það væri mótanefndar í hverju tilviki að leggja mat á fram komin gögn og upplýsingar við slíka ákvarðanatöku. Aganefnd myndi ekki endurmeta frestunarbeiðnir sem slíkar.

Í því máli sem hér um ræðir lagði aganefnd ekki efnislegt mat á frestunarbeiðnina sem slíka, en horfði á málið í heildarsamhengi og komst að því háttsemi KFR-Lærlinga í aðdraganda og í kjölfar frestunarbeiðnarinnar hefði verið með þeim hætti sem ágreiningsefni máls þessa lýtur að, þ.e. að hafa vísitandi rangt við þar sem blekkingum var beitt að mati nefndarinnar. Leikmenn voru skráðir úr liði og skömmu síðar fyrir næstu viðureign var einn liðsmanna skráður til leiks að nýju þrátt fyrir fullyrðingu fyrirliðans um að viðkomandi væri hættur keiluiðkun.

Aganefnd hefði e.t.v. horft á mál mótanefndar og ÍR-M með öðrum augum hefði komið í ljós að leikmenn sem sagðir voru meiddir og veikir hefðu leikið fyrir umrædda frestun eða svo skömmu eftir að ætla mætti að blekkingum hefði verið beitt. Þá kynni aganefnd, án þess að um það verði fullyrt, að hafa skoðað málið út frá því sem nefndin gerði í þessu máli, þ.e. hvort liðsmenn ÍR-M hefðu vísitandi blekkt mótanefnd. En það lá ekki fyrir, einungis var lagt fyrir nefndina að leggja efnislegt mat á frestunarbeiðnina sem slíka. Af þeim sökum taldi meirihluti aganefndar mál ÍR-M ekki hafa fordæmisgildi í því máli sem hér um ræðir. Vísar nefndin að öðru leyti til hins kærða úrskurðar og meðfylgjandi gagna þar sem það var mat nefndarinnar að KFR-Lærlingar hefðu haft vísitandi rangt við, en heimilt er á grundvelli reglugerðar um aganefnd að refsa fyrir slík brot.

Þá var það mat aganefndar að frestunin hefði verið byggð á fölskum forsendum. Í ljósi þess hefði liðið ekki haft gilda ástæðu fyrir að mæta ekki til leiks í skilningi 11. gr. reglugerðar um aganefnd. Var það því niðurstaða nefndarinnar að dæma leikinn tapaðan, þ.e. nýta sér heimildina í ákvæðinu um stigatap.”

#### IV.

Meginkrafa kæranda í þessu máli er sú að úrskurður aganefndar KLÍ frá 22. febrúar s.l. hvað varðar karendur verði ógiltur. Í kæru kemur fram að Keilusamband Íslands er kært vegna fyrrgreindrar ákvörðunar aganefndar sambandsins sem starfar undir stjórn og á ábyrgð stjórnar Keilusambands Íslands.

Í íþróttakeppnum á vegum íþróttahreyfingarinnar gilda þær almennu reglur að dómari, mótstjóri eða mótssjórni stjórna leik eða keppni og úrskurða á leikstað um brot keppenda. Í flestum sérsamböndum svo sem á við um KLÍ starfa síðan aganefndir sem fjalla um frekari refsingar eða refsistig sem fram koma á dómarskýrslum vegna brota leikmanna, forystumanna og aðstoðarmanna á leikstað. Er þetta í samræmi við efni 2. greinar reglugerðar fyrir aganefnd KLÍ og 8. grein reglugerðar KLÍ um keilumót.

Í undantekningartilvikum geta brot átt sér stað utan leikvallar eða leikmannasvæðis. Er það viðtekin venja að túlka slík ákvæði þannig að átt sé við keppnishúsið og næsta nágrenni. Orðalag í reglum aganefnda viðkomandi sérsambanda ber yfirleitt með sér við hvað sé átt en í því sambandi má geta þess að í 6. grein reglugerðar fyrir aganefnd KLÍ segir að slík brot beinist gegn leikmanni, starfsmanni, dómurum eða áhorfendum. Brotið tengist þar af leiðandi tilteknum íþróttaviðburði eða keppni sem farið hefur fram eða stendur fyrir dyrum.

Það brot sem hér er til meðferðar fellur ekki undir framangreinda skilgreiningu þar sem kærandi Björn, var af hálfu aganefndar KLÍ úrskurðaður í tímabundið keppnisbann vegna þess að hann hafi vísitandi haft rangt við í aðdraganda og kjölfar frestunar á leik gegn ÍR-PLS í 8 liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ. Áðurnefnt meint brot kæranda telst að mati dómsins ekki agabrot samkvæmt reglugerð fyrir aganefnd KLÍ. Þrátt fyrir orðalag 3. greinar reglna um aganefnd KLÍ er kæranda heimilt að bera ákvörðun aganefndar undir Dómsstól ÍSÍ þar sem hið umdeilda brot er þess eðlis.

Það brot sem kærendur eru sakaðir um af hálfu mótanefndar KLÍ er alvarlegt og fellur undir 7. grein í reglugerð KLÍ um keilumót þar sem fram kemur að Dómsstóll ÍSÍ fjalli um kærsmål sbr. 11. grein í móta- og keppendareglum ÍSÍ.

Ljóst er að kærendur í þessum máli hafa kærheimild samkvæmt grein 30.1 í lögum Íþrótt- og Olympíusambands Íslands en þar segir að rétt til kærni hafi hver sá, einstaklingar, félag og félagasamtök, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls.

Með vísan til þess sem að framan rakið er það niðurstaða dómsins að ágreiningsmál þetta hafi verið til meðferðar hjá rögum úrskurðaraðila. Ber því að fallast á dómkröfu kæranda um að ógilda úrskurð aganefndar KLÍ frá 22. febrúar s.l. hvað kærendur varðar og fella þar með niður keppnisbann Björns G. Sigurðssonar.

## DÓMSORÐ

Úrskurður aganefndar KLÍ sem uppkveðinn var þann 22. febrúar s.l. er ógiltur og tímabundið keppnisbann Björns G. Sigurðssonar fellt úr gildi.

Gunnar Guðmundsson

### Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómsstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómsstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.

**FW: Dómstóll ÍSÍ - gögn**

Sigríður Klemensdóttir [sigridur.klemensdottir@sjova.is]

**Sent:** 25. maí 2012 16:16**Viðtakandi:** thorarinn@kli.is**Viðhengi:** Maí 10 2012 Björn v KLÍ .doc (75 KB)

---

**From:** Ólafur Páll Vignisson hdl. [mailto:olafurpall@logos.is]**Sent:** 9. apríl 2012 14:46**To:** aganefnd@kli.is**Cc:** stjorn@kli.is**Subject:** FW: Dómstóll ÍSÍ - gögn

Heil og sæl,

Meðfylgjandi er dómur Dómstól ÍSÍ þar sem úrskurður aganefndar varðandi Lærlinga er felldur úr gildi og um leið bann Bödda.

Kveðja / Regards

Ólafur Páll Vignisson

Fulltrúi / Associate

Héraðsdómslögmaður / Attorney at Law

LOGOS

Efstaleiti 5

103 Reykjavík IS

Tel. + 354 5 400 300

Fax + 354 5 400 301

[olafurpall@logos.is](mailto:olafurpall@logos.is) / [www.logos.is](http://www.logos.is)

LOGOS has offices in Reykjavik, London and Copenhagen, see further information at [www.logos.is](http://www.logos.is)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Vinsamlegast athugið einnig að efni tölvupóstsins og viðhengja er alfarið á ábyrgð þess einstaklings sem sendir þau ef þau tengjast ekki starfsemi LOGOS. [Lesið nánar.](#)

Please note that this e-mail and any attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.

Please note further that the individual sending this e-mail and its attachments is solely responsible for their content if it is not related to the operation of LOGOS. [Further details.](#)

---

**From:** Gunnar Guð [gunnargu@islandia.is]**Sent:** 09 April 2012 14:28**To:** 'Linda Laufdal'**Cc:** Ólafur Páll Vignisson hdl.; stefan@krst.is**Subject:** RE: Dómstóll ÍSÍ - gögn

Blessuð

Var að kveða upp meðfylgjandi dóm á skrifstofu minni að Eiðistogi 17, Seltjarnarnesi. Látið mig vita hvort þið samþykkið þetta ekki sem löglega birtingu annars fáíð þið staðfest eintak á skrifstofu ÍSÍ í fyrramálið.

<https://remote.ir.is/owa/?ae=Item&t=IPM.Note&id=RgAAAADCyes%2f1GtzS7MM%...> 25.5.2012



Með kveðju  
Gunnar Guðmundsson

---

**Gunnar Guðmundsson hdl.**  
**Eiðistorgi 17**  
**170 Seltjarnarnesi**  
**Sím 5618065**

**From:** Linda Laufdal [mailto:linda@isi.is]  
**Sent:** 3. apríl 2012 10:01  
**To:** gunnargu@islandia.is  
**Cc:** krst@krst.is; olafurpall@logos.is  
**Subject:** Dómstóll ÍSÍ - gögn

Sæll Gunnar

Er þetta ekki örugglega réttur pakki

Kveðja  
Linda Laufdal, móttaka



**Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands**  
**Engjavegur 6**  
**104 Reykjavík**  
**s. 514 4000**  
**[linda@isi.is](mailto:linda@isi.is)**  
**[www.isi.is](http://www.isi.is)**

Ár 2012, mánudagurinn 21. maí er dómþing Áfrýjunardómstóls ÍSÍ háð á skrifstofu dómsins að Engjavegi 6, Reykjavík, af Jóni G. Zoega, forseta dómstólsins, Snorra Olsen og Karli Gauta Hjaltasyni

Fyrir var tekið málið nr. 6/2012:

**Aganefnd Keilusambands Íslands  
gegn  
Birni G. Sigurðssyni og KFR lærlingum**

Og uppkveðinn svohljóðandi

**Dómur:**

Með vísan til forsenda hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur

**Dómsorð:**

**Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.**

Dómþingi slitið,

Jón Gunnar Zoega (sign)

Snorri Olsen (sign)

Karl Gauti Hjaltason (sign)



**KEILUSAMBAND ÍSLANDS**  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

---

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands  
b.t. dómstóls ÍSÍ  
Engjateigi  
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2012

Kæra/áfrýjun  
Björn G. Sigurðsson  
og  
KFR Lærlingar  
gegn  
Aganefnd Keilusambands Íslands

Meðfylgjandi er greinargerð aganefndar Keilusambands Íslands vegna kæru/áfrýjunar Björns G. Sigurðssonar.



## Greinargerð

### Fyrirsvar

Undirritaður lögmaður, Ólafur Páll Vignisson, hdl., flytur mál þetta f.h. kærða, aganefndar KLÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík. (kt. 460792-2159 – Keilusamband Íslands) komi til munnlegs málflyttings.

### Kröfur aganefndar:

- Að öllum kröfum kæranda verði hafnað

### Málsatvik:

Aganefnd telur rétt að gera stuttlegar athugasemdir við málsatvik eins og þeim er lýst í kæru en vísar að öðru leyti til málsatvikalýsingar í hinum kærða úrskurði.

Miðað við þau gögn sem nefndin hafði undir höndum og hefur nú aflað sér verður ekki séð að formaður mótanefndar hafi stungið upp á því að úrskráningarnar yrðu gerðar með þeim hætti eins og lýst er í kæru. Þá liggur ekki fyrir að formaður KLÍ hafi vitað af því að Ívar yrði skráður að nýju í liðið skömmu eftir úrskráningarnar. Vísast að öðru leyti til meðfylgjandi yfirlýsinga formanns mótanefndar og sambandsins.

### Málsástæður og lagarök:

Rétt er það sem fram kemur að aganefnd skuli skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Í þessu máli ákvað aganefnd að allir nefndarmenn kæmu að úrskurðinum í ljósi þess að nefndin taldi málið stórt að umfangi. Það er mat aganefndar að slíkt sé nefndinni heimilt, líkt og nefndinni hefur verið talið heimilt að leita utanaðkomandi álits án þess að slíkt sé beinlínis getið í reglugerð um aganefnd. Í því sambandi leitaði aganefnd utanaðkomandi álits í úrskurði sínum dags. 12. maí 2011.

Í kæru er þess getið að fjórir nefndarmenn teldust vanhæfir til meðferðar málsins þar sem þeir hefðu beinna hagsmuna að gæta. Í gegnum tíðina hefur aganefnd leitast við að haga málum með þeim hætti að þeir sem beinna hagsmuna hafa af úrlausn mála komi ekki að úrskurðum. Var það niðurstaða nefndarinnar að nefndarmennirnir gætu allir tekið þátt í málsmeðferðinni.

Rétt er að geta þess að Keilusamband Íslands er lítið sérsamband innan ÍSÍ. Nefndir á vegum sambandsins eru yfirleitt mannaðar leikmönnum íþróttarinnar þar sem erfitt hefur reynst fyrir sambandið að manna nefndir og önnur trúnaðarstörf með öðrum hætti. Flestir eða allir kunna því að hafa óbeina hagsmuni af úrlausn mála, hvort sem það heyrir undir aganefnd, mótanefnd eða aðrar nefndir sambandsins. Væri farið eftir ströngustu hæfisreglum eins og þær þekkjast í stjórnsýslurétti eða réttarhari gæti aganefnd ekki starfað líkt og hún gerir í dag. Í



Því sambandi hefur nefndin talið að einungis beinir hagsmunir geti komið til þess að nefndarmaður víki sæti, en svo hafi ekki verið í því máli sem hér um ræðir.

Þó að það komi ekki fram með beinum hætti í reglugerð um mótanefnd að hún geti kært mál til aganefndar er því til að svara að aganefnd hefur litið á mótanefnd sem mótstjóra þar sem nefndin fer með framkvæmd móta og eftirlit. Nánar tiltekið segir í 2. gr. reglugerðar um mótanefnd að nefndin skuli í samræmi við gildandi reglur hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd Íslandsmóta, sem og annarra móta og kappleikja, sem haldin eru af KLÍ. En í reglugerð um aganefnd er kveðið á um að dómara/mótstjórar geti komið skriflegri skýrslu um brot til aganefndar innan 48 klukkustunda frá lokun viðureignar eða lokum móts.

Í ljósi þess hefur nefndin talið að mótanefnd, sem mótstjóri geti komið ábendingum og kærum til aganefndar. Í því tilviki sem hér um ræðir lagði mótanefnd fram kæru til aganefndar innan þess tímaramma eftir að viðureign KFR-Lærlinga og KFA-ÍA-W lauk. Það var mat aganefndar að hún hefði heimild til þess að skoða málið í heild sinni, allt frá því að tilteknir einstaklingar voru skráðir úr liði þar til umræddri viðureign lauk. Þar sem hluti af þeirri háttsemi sem kærð var gerðist utan leikmannasvæðis horfði nefndin m.a. til 6. gr. reglugerðar um aganefnd. Þó að ákvæði 12. gr. reglugerðarinnar kveði ekki með beinum hætti á um heimild dómara/mótstjóra til að koma ábendingum á framfæri varðandi háttsemi sem gerist utan leikmannasvæðið hefur aganefnd fram að þessu ekki gagnályktað frá ákvæðinu á þá lund að dómurum/mótstjórum sé óheimilt að beina ábendingum, skýrslum eða kvörtunum til aganefndar verði þeir áskynja um brot af því tagi. Að mati aganefndar væri ákvæði 6. gr. ella marklaust.

Það var mat aganefndar eftir að málið var skoðað heildstætt, að liðsmenn KFR-Lærlinga hefðu haft vísitandi rangt við er þeir skráðu leikmenn úr liðinu til þess að knýja á um frestun og skrá svo leikmann aftur í liðið skömmu síðar. Byggði aganefnd mat sitt á því að mótanefnd hefði verið blekkt þar sem fullyrt var að Ívar væri hættur keiluiðkun en nokkrum dögum síðar var hann skráður á ný í liðið til þess að leika keilu. Í því sambandi liggur ekki fyrir í málinu að sú blekking hafi verið með vitneskju formanns mótanefndar og sambandsins.

Nefndin hafnar því að Birni G. Sigurðssyni hafi ekki gefist færi á að verja sig. Aganefnd gaf honum sem fyrirliða liðsins kost á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri líkt og meðfylgjandi tölvupóstur sýna. Það var mat aganefndar að fyrirliði liðsins skyldi sæta ábyrgð vegna þeirrar háttsemi að hafa haft vísitandi rangt við, þar sem fyrirliði liðs í keilu kemur fram fyrir hönd þess liðs sbr. 13. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða.

Þá telur nefndin að hún hafi gætt þess að gefa fyrirliða liðsins kost á því að koma skriflegum athugasemdum sínum á framfæri í samræmi við 12. gr. reglugerðar um aganefnd líkt og meðfylgjandi skrifleg tölvupóstsamskipti gefa til kynna.



Varðandi refsingu fyrirliðans horfði nefndin til þess að liðið hefði haft vísvitandi rangt við. Við ákvörðun refsingarinnar og tímalengd bannsins á grundvelli 6. gr. reglugerðar um aganefnd, horfði nefndin til 4. gr. reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um að veita skuli þeirri háttsemi að hafa vísvitandi rangt við 16 refsistig, en skv. 5. gr. reglugerðarinnar er um að ræða 10 serfur í bann. Miðað við leikjafjölda yfir veturinn eru að jafnaði um 3-4 serfur leiknar í mánuði og því þótti aganefnd bannið hæfilega ákveðið í þrjá mánuði af þeim sökum.

Nefndin telur að úrskurður aganefnda annarra íþróttagreina geti ekki átt við í því máli sem hér um ræðir.

Vísun kæranda til úrskurðar aganefndar í máli mótanefndar og ÍR-M var málið af hálfu mótanefndar sett fram með þeim hætti að aganefnd ætti að skoða frestunardeiðina sem slíka. Var það mat aganefndar að það væri mótanefndar í hverju tilviki að leggja mat á fram komin gögn og upplýsingar við slíka ákvarðanatöku. Aganefnd myndi ekki endurmeta frestunardeiðir sem slíkar.

Í því máli sem hér um ræðir lagði aganefnd ekki efnislegt mat á frestunardeiðina sem slíka, en horfði á málið í heildarsambengi og komst að því háttsemi KFR-Lærlinga í aðdraganda og í kjölfar frestunardeiðarinnar hefði verið með þeim hætti sem ágreiningsefni máls þessa lýtur að, þ.e. að hafa vísvitandi rangt við þar sem blekkingum var beitt að mati nefndarinnar. Leikmenn voru skráðir úr liði og skömmu síðar fyrir næstu viðureign var einn liðsmanna skráður til leiks að nýju þrátt fyrir fullyrðingu fyrirliðans um að viðkomandi væri hættur keiluiðkun.

Aganefnd hefði e.t.v. horft á mál mótanefndar og ÍR-M með öðrum augum hefði komið í ljós að leikmenn sem sagðir voru meiddir og veikir hefðu leikið fyrir umrædda frestun eða svo skömmu eftir að ætla mætti að blekkingum hefði verið beitt. Þá kynni aganefnd, án þess að um það verði fullyrt, að hafa skoðað málið út frá því sem nefndin gerði í þessu máli, þ.e. hvort liðsmenn ÍR-M hefðu vísvitandi blekkt mótanefnd. En það lá ekki fyrir, einungis var lagt fyrir nefndina að leggja efnislegt mat á frestunardeiðina sem slíka. Af þeim sökum taldi meirihluti aganefndar mál ÍR-M ekki hafa fordæmisgildi í því máli sem hér um ræðir. Vísar nefndin að öðru leyti til hins kærða úrskurðar og meðfylgjandi gagna þar sem það var mat nefndarinnar að KFR-Lærlingar hefðu haft vísvitandi rangt við, en heimilt er á grundvelli reglugerðar um aganefnd að refsa fyrir slík brot.

Þá var það mat aganefndar að frestunin hefði verið byggð á fðlskum forsendum. Í ljósi þess hefði liðið ekki haft gilda ástæðu fyrir að mæta ekki til leiks í skilningi 11. gr. reglugerðar um aganefnd. Var það því niðurstaða nefndarinnar að dæma leikinn tapaðan, þ.e. nýta sér heimildina í ákvæðinu um stigatap.



**KEILUSAMBAND ÍSLANDS**  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

**Skýrslutökur og vitni:**

Kærði áskilur sér rétt til að leiða fram vitni við aðalmeðferð málsins, þ.á.m. nefndarmenn agnaefndar og mótanefndar og stjórnarmenn KLÍ.

**Almennur áskilnaður:**

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn og koma með frekari kröfur, málsástæður og mótmæli á síðari stigum, ef þörf krefur.

Reykjavík, dags. 16. mars 2012  
f.h. Aganefndar Keilusambands Íslands

*Ólafur Páll Vignisson*  
Ólafur Páll Vignisson, hdl.

**Fylgiskjöl:**

**Samskipti við fyrirliða KFR-Lærlinga**

1. Tölvupóstur fyrirliðans, dags. 2.2.2012
2. Tölvupóstur aganefndar, dags. 2.2.2012
3. Tölvupóstur fyrirliðans, dags. 6.2.2012
4. Tölvupóstur aganefndar, dags. 8.2.2012
5. Tölvupóstur fyrirliðans, dags. 10.2.2012
6. Tölvupóstur aganefndar, dags. 16.2.2012
7. Tölvupóstur fyrirliðans, ásamt fylgigögnum, dags. 19.2.2012
8. Tölvupóstur aganefndar, dags. 19.2.2012
9. Tölvupóstur fyrirliðans, dags. 19.2.2012

**Samskipti við stjórn KLÍ**

10. Tölvupóstur stjórnar ásamt fylgigögnum, dags. 11.2.2012 vegna fyrirspurnar aganefndar
11. Tölvupóstur stjórnar ásamt fylgigögnum, dags. 17.2.2012 vegna fyrirspurnar aganefndar

**Samskipti við mótanefnd**

12. Tölvupóstur mótanefndar ásamt fylgigögnum, dags. 19.2.2012 vegna fyrirspurnar aganefndar
13. Tölvupóstur mótanefndar, dags. 23.2.2012 vegna fyrirspurnar aganefndar

**Samskipti við formann stjórnar og formann mótanefndar eftir kæru**

14. Tölvupóstur formanns stjórnar, dags. 14.3.2012 vegna fyrirspurnar aganefndar
15. Tölvupóstur formanns stjórnar, dags. 14.3.2012 vegna fyrirspurnar aganefndar.
16. Tölvupóstur formanns mótanefndar, dags. 14.3.2012 vegna fyrirspurnar aganefndar

**Fundargerðir aganefndar**

17. Fundargerð aganefndar, dags. 16.2.2012
18. Fundargerð aganefndar, dags. 22.2.2012
19. Fundargerð aganefndar, dags. 13.3.2012.



Reykjavík, 20. mars 2012

## ÚRSKURÐUR

Á fundi aganefndar KLÍ þriðjudaginn 13. mars 2012 var meðal annars fjallað um tilkynningu starfsmanns KLÍ dags. 7. mars 2011, að lið KFR-Lærlinga hefði ekki mætt til keppni í 4. umferð Deildarbikar liða sem fram fór þriðjudagskvöldið 6. mars 2012.

Í tilkynningu starfsmanns KLÍ kom fram að Björn G. Sigurðsson fyrirliði KFR-Lærlinga hafði samband og gaf upp þá ástæðu að einn leikmaður liðsins væri erlendis, annar hefði verið búinn að ráðstafa sér í annað og sá þriðji væri í banni. Sendur var tölvupóstur á Björn G. Sigurðsson fyrirliða KFR-Lærlinga þar sem honum var fyrir hönd liðsins gefið tækifæri til að koma frekari sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina og gefinn frestur til kl. 22:00 sunnudaginn 11. mars. Engar frekari svör bárust nefndinni.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar starfsmanns KLÍ með skýringum Björns.

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsa liði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stígatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B mótum á vegum KLÍ. Það er hins vegar niðurstaða nefndarinnar að liðinu verði ekki gerð aukin refsing eins og ákvæði 11. gr. reglugerðar um aganefnd heimilar, þar sem fyrir hendi voru gildar ástæður fyrir því að liðið mætti ekki til leiks umrætt sinn að mati nefndarinnar, eins og rakið var að framan.

Í ljósi framangreinds og þar sem KFR-Lærlingar mættu ekki til leiks í 4. umferð Deildarbikars liða þriðjudagskvöldið 6. mars 2012, er það niðurstaða aganefndar að sekta KFR-Lærlinga um fjárhæð kr. 14.000 sem samsvarar tvöfaldri brautarleigu.

### Úrskurðarorð

KFR-Lærlingar greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 14.000

Ólafur Páll Vignisson, formaður aganefndar  
Sigríður Klemensdóttir  
Bragi Már Bragason  
Ómar Kristjánsson